

Orðanefnd læknafélaganna - 102

Fundur var haldinn mánudaginn 9. október 2023 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 102. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir Magnús Jóhannsson, Runólfur Pálsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Reynir Tómas Geirsson hafði boðað forföll.

Nefndarmenn voru boðnir velkomnir til starfa í nýju húsi Stofnunar Árna Magnússonar eftir langt og gott sumarfrí. Samkomulag varð um að fundir yrðu haldnir einu sinni í mánuði og á mánudögum kl. 16:30 eins og síðastliðinn vetur.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 101. fundar (15. maí 2023), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðanefndarvinnan:

- a. **Dementia.** JHJ lagði fram ítarlegan vinnulista með margvíslegu heimildarefni sem lýsti hugtakinu dementia og þeim íslensku heitum sem notuð hafa verið um það fyrirbæri á liðnum árum. Færslur í Íðorðasafni lækna, þar sem heitið dementia kemur fyrir, eru nú 12 talsins og þarfnast flestar endurskoðunar, en örfáar eru alveg úreltar og má því eyða. Farið var rækilega yfir orðalista og nefndarmenn gerðu fjölmargar athugasemdir og komu með nýjar ábendingar. JHJ var falið að lagfæra listann og senda nefndarmönnum hann til yfirlestrar áður en hann yrði birtur í Íðorðabankanum. Fyrir næsta fund verður einnig tekinn saman listi með þeim færslum sem innihalda orðhlutann „senil“, en þær munu vera nálægt 30.
- b. **Coronary.** Farið var einnig yfir orðalista með læknisfræðilegum heitum sem tengjast kransæðum og færslur ræddar og athugasemdir gerðar. Listinn er hluti af stærri orðalista sem Pétur Snæbjörnsson, læknir, sendi nefndinni til yfirferðar. Óska þarf formlega eftir samstarfi við Pétur um þetta verkefni sem getur orðið Íðorðasafni lækna til mikils gagns.

3. Önnur mál:

- a. JHJ greindi frá nokkrum fyrirspurnum og beiðnum um aðstoð við þýðingu á læknisfræðilegum heitum, sem ekki er að finna í safninu, og hann fengið og svarað í sumar. Ganga þarf frá tilsvareandi færslum til yfirferðar og birtingar í Íðorðasafni lækna við tækifæri.
- b. JHJ greindi frá því að væntanlegir samstarfsaðilar um yfirferð á heitum í geisla- og röntgenfræðum hefðu sýnt mikinn áhuga á verkefninu en ekki haft tók á því að vinna að því í sumar vegna sumarfría. Umræður verða teknar upp aftur á næstunni.

Næsti fundur. Gert er ráð fyrir fundi mánudaginn 27. nóvember og fundarherbergið í Eddu hefur verið bókað.

Fundi var slitið um um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.